

Nd.

91. Frumvarp til laga

[66. mál]

um tímabundið afnám aðflutningsgjalda af fiskflökunarvélum.

Flm.: Björn Ólafsson, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Á árunum 1956 og 1957 skal fella niður verðtoll, söluskatt og framleiðslusjóðsgjald af fiskflökunarvélum, sem fluttar eru inn af eigendum frystihúsa með aðstoð Framkvæmdabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna sívaxandi samkeppni á erlendum mörkuðum um sölu á frystum fiski og ört hækkandi vinnslukostnaðar hér er mönnum nú orðið ljóst, að örðugt verður að standast samkeppni annarra þjóða í þessari framleiðslugrein, nema frystihúsin geti tekið nýjustu vélataekni í sína þjónustu.

Þess vegna var í það ráðið á þessu ári af einstaklingum og félögum, sem annast rekstur frystihúsa, að festa kaup á fiskflökunarvélum í Þýzkalandi fyrir milligöngu Framkvæmdabanka Íslands. Vélar þessar eru mjög stórvirkar og spara mikinn vinnslukostnað. Vélarar eru af þremur gerðum, og er innkaupsverð hverrar vélar cif. sem hér segir:

I.	kr. 728346.00
II.	— 468323.00
III.	— 435739.00

Þetta eru afar dýr tæki, sem frystihúsin neyðast til að kaupa til að standast samkeppnina. Nú þegar hafa verið pantaðar 56 vélar, og má búast við, að með því sé þörfinni ekki fullnægt. Kaupendum hefur verið gert fært að kaupa þessar vélar með því, að þeir fá á þeim gjaldfrest fyrir milligöngu Framkvæmdabankans.

En til viðbótar hinu háa verði vélanna verða frystihúsin að greiða gifurlega háa aðflutningstolla, svo sem hér segir, á hverja vél:

I.	kr. 251637.00
II.	— 161887.00
III.	— 150555.00

Hér er ekki meðtalinn vörumagnstollur. Af þessu má sjá, að tollar af vélunum nema rúmlega þriðjungu vélaverðs hér á höfn (cif.).

Andvirði þeirra véla, sem nú hafa verið pantaðar, er rúmlega 30 millj. kr., en tollar til ríkissjóðs nema til viðbótar 10½ millj. kr.

Þegar verið er með aðstoð hins opinbera að gera stórátak, með fjármagn af skornum skammti, til að gera eina aðalútflutningsframleiðslugrein landsins samkeppnishæfa, sýnist ekki eðlilegt, að ríkissjóður skattleggi slíka framkvæmd og sízt jafngifurlega og hér hefur verið sýnt. Slíkan toll á nauðsynlega vélvæðingu útflutningsframleiðslunnar er ekki hægt að verja.

Þessi innflutningur er óvenjulegur, og rýrna því ekkert hinar venjulegu tolltekjur ríkissjóðs, þótt tollar af flökunarvélunum verði látnir falla niður. Flestum frystihúsunum mun verða nógu þungt í skauti að standa í skilum með kaupverð vélanna, þótt þau þurfi ekki að stofna skuldir til þess að greiða ríkissjóði stórfé fyrir að mega flytja þær inn.

Þess vegna er lagt til með frv. þessu, að aðflutningsgjöldin verði felld niður.